

## SAMPYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Bæjarhverfis, Andakílshreppi.

### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Bæjarhverfis. Heimili þess og varnarþing er í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

### 3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Laugarholt, Langholt, Jaðar, Nýi-Bær 1, Nýi-Bær 2, Bær 1, Bær 2, Laugabær, Laugateigur, Hellur, svo og Félagshemilið Brún.

Hver stofnandi greiði tvö þúsund og fimm hundruð krónur sem stofngjald og telst hann eigi fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyrna búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús. Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

Félagshemilið hefur sömu réttindi og skyldur, sem hvert býli um sig.

### 4. gr.

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu, má taka ábúendur þeirra í félagið með samþykki lögmeats félagsfundar. Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvila til jafns við aðra félagsmenn, frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess, að hann geti notað mannvirki félagsins.

### 5. gr.

Kostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að vera til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

### 6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, er fjórir félagar, eða tveir stjórnarfélagar krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

### 7. gr.

Félagsfundur er lögmeatur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni

er tilkynnt fundarboðið bréflega, eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

#### 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsóknin er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þeir menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

#### 9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

#### 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu vatnsveitu.

#### 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og sé að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samín er og samþykkt af vatnsveitufélagi Bæjarhverfis, Andakílshreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*